



Akstursíþróttasamband Íslands

Árspaning 10. mars 2018

Sjötta árspaning Akstursíþróttasambands Íslands var haldið í E fundarsal ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal laugardaginn 10. mars 2018 kl. 11:00.

1. Þingsetning

Tryggvi M Þórðarson formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð félagsmenn velkomna á árspaning AKÍS.

2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Formaður lagði til að Guðbergur Reynisson, Ingólfur Arnarson og Þórarinn K Þórsson skipuðu kjörbréfanefnd og var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning þingforseta og þingritara

Formaður lagði til að Hafstein Pálsson yrði þingforseti og Þrándur Arnþórsson þingritari, sem samþykkt var samhljóða. Í framhaldi af því tók Hafsteinn við stjórn fundarins.

Hafsteinn spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun ársþingsins. Það var ekki og lýsti hann því þingið löglegt.

4. Ávarp gesta

Hafsteinn Pálsson flutti kveðjur framkvæmdastjórnar, forseta og starfsfólks ÍSÍ. Hafsteinn þakkaði stjórn AKÍS fyrir gott samstarf. Eins og oft áður er mikið af stórum verkefnum á dagskrá hjá ÍSÍ, þar sem sérstaklega má nefna nýlokna þátttöku Íslands í vetrarólympíuleikum.

AKÍS stendur vel fjárhagslega og þarf að meta hversu mikinn stöfn þarf til að vera vel rekstrarhæft. Hafsteinn vonast eftir góðu akstursíþróttarári og áframhaldandi góðu samstarfi við ÍSÍ.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

Tryggvi M Þórðarson formaður flutti skýrslu stjórnar:

Góðir fundarmenn

Á síðasta starfsári voru haldnir 27 stjórnfundir og eins hefur verið undangengin ár þá eru þeir færri yfir sumarið, en síðan aðeins fleiri yfir verturinn. Á sumrin er yfirleitt notast við Google Hangouts, en að vetri til er einn raunfundur í mánuði á móti Hangouts fundi. Stjórn og varastjórn eru ávallt boðuð á alla stjórnarfundum. Það er gert til að varastjórn sé meðvituð um það sem er að gerast, þurfi að kalla þá til stjórnarstarfa. AKÍS hefur verið að skoða kaup á fjarfundabúnaði og mun gengið frá slíku 2018. Með því er stefnt að þeim sem ekki hentar að koma á raunfundir geti samt tekið þátt í fundinum gegnum fjarfundarbúnaðinn.

Á starfsárinu 2017 voru skráðar 59 keppnir og er þetta aukning um það bil 20% frá árinu áður. Keppnistímabilið hérlendis hefur verið frá apríl til október eða í kringum 28 helgar sem þó er ekki hægt að nota allar. Fjölgi keppnum mikið er sýnt að keppnir þurfa þá að vera fleiri á hverri helgi, eða að færast yfir á aðra daga vikunnar.

Á árinu voru gefin út í kringum 710 keppnisskírteini, þar af tvö alþjóðleg. Það staðfestir það sem vitað er, að íslenskir akstursípróttamenn eru ekki að taka þátt í keppnum eða mótaraðum erlendis þar sem slíkra skírteina er krafist. Á yfirstandandi ári, 2018, hefur einn íslenskur keppandi, Gunnar Karl Jóhannesson, skráð sig í mótarað í Bretlandi og hefur til þessa fengið alþjóðlegt skírteini. Við óskum honum alls hins besta.

Akstursípróttir eru í mörgu frábrugðnar mörgum ípróttagreinum innan ÍSÍ að því leyti til að svo fremi sem þú átt rétt keppnistæki og pening til að greiða fyrir þátttöku þá er þér heimilt að keppa í Evrópumeistaramóti eða Heimsmeistaramóti. Þetta geta verið miklar upphæðir þegar um stóru mótaraðirnar er að ræða eins og til dæmis WRC, Formula1 eða FormulaE. Fjármögnun er aðeins einn hluti af því að eiga keppendur í fremstu röð. Annar og ekki síðri hluti er að finna hæfileikaríka keppendur, ekki síst unga keppendur, hlúa að þeim og sjá til að þeir vaxi og dafni í íþrótt sinni. Stóraukið fjármagn ríkisins til ÍSÍ vegna afreksmála hefur leitt til þess að ÍSÍ hefur lagt mikla vinnu í stefnumótun til að þetta fjármagn verði nýtt sem best. Stefnumótunarvinna sem fram hefur farið hefur leitt til þess að við getum sótt um styrk til þess að koma á fót afreksstarfi innan AKÍS. Mér þætti gaman að heyra skoðanir fundarmanna á þessu máli.

Vinna vegna tryggingarmála í akstursípróttum sem hófst eftir ársþing AKÍS 2015 hefur haldið áfram æ síðan. Á síðasta ári var töluverðum tíma varið í umræður við ráðuneyti og tryggingarfélag um tryggingarvernd þá sem boðið er uppá í akstursípróttum hérlendis. Þegar þessari fundaherferð lauk, þá breytti eitt tryggingarfélag, Sjóvá, til og bauð uppá svokallaða óhlutbundna tryggingu sem veitir svipaða vernd fyrir óskráð keppnistæki og almennar bifreiðatryggingar gera.

Segja má að þarna hafi verið brotið ákveðið blað í þessum málum, en málinu er ekki lokið og AKÍS hefur og mun halda áfram að vinna í þessum málum.

Síðla sumars 2017 bauðst AKÍS að senda inn athugasemdir við nýtt frumvarp til umferðarlaga, sem til stóð að leggja fyrir næsta vorþing, eða það þing er nú situr. Skipaði stjórn AKÍS vinnuhóp til að rýna frumvarpið og gera athugasemdir við það. Lokaniðurstaða þess var umsögn sem finna má á vef AKÍS. Ég vil þakka þeim sem komu að málinu og án þess að draga neitt úr tilleggi annarra þá vil ég sérstaklega nefna Stefán Örn Steinþórsson í þessu sambandi. Í byrjun þessa mánaðar komu síðan önnur drög að umferðarlögum, þar sem tekið hafði verið tillit til einhverra athugasemda við frumvarpið frá á síðasta ári. Þó tekið hafi verið tillit til ákveðinnar athugasemdar sem AKÍS gerði við frumvarpsdrögin á síðasta ári, þá virðist ljóst að nauðsynlegt er að endursenda athugasemdir okkar aftur.

Á síðasta ári var í fyrsta sinn hérlendis lágmarks slysatrygging keppenda innifalin í keppnisskírteinum. Tryggingin var örorku og dánartrygging, ekki almenn slysatrygging. Það var ósk allra að alls ekki þyrfti að koma til þess að einhver nýtti sér trygginguna og okkur varð að þeirri ósk.

Á formannafundi í nóvember 2017 var samþykkt að skoða hvort viðkomandi trygging gæti verið valkvæð þegar keppendur skráðu sig til keppni. Væri það ekki hægt ætti að segja henni upp. Skemmst er frá að segja að hið danska tryggingarfélag hafði ekki áhuga á slíku og var því tryggingunni sagt upp. Munu því keppendur þurfa að slysatryggja sig sjálfir í ár.

Málefni spymubrautar á Akureyri, er nú í góðum farvegi eftir að stjórnir BA og AKÍS komu sér saman um lausn þess máls síðla sumars 2017.

Umferðarfragráð vaknaði aftur til lífsins er nýr formaður var skipaður þar, en hann er Guðbergur Reynisson fyrrverandi formaður AKÍS. Stefnt er að því að fragráðið hittist fjórum sinnum á ári, en stjórn þess tólf sinnum á ári. Formaður AKÍS er fulltrúi AKÍS í Umferðarfragráði og situr einnig í stjórn þess. Fundir hafa verið um ákveðin mál, til dæmis hverjar væru áherslur í nýjum drögum að umferðarlögum, minnst þar sérstaklega á hlutlæga ábyrgð sekta (bíllinn borgar), síðan kom fyrirhuguð borgarlína og nú síðast upplýsingar um verkefni sem Vegagerðin, Lögreglan og Samgöngustofa eru að vinna að. Það er mín trú að Guðbergur eigi eftir að gera góða hluti í þessu hlutverki og endurvekja veg þessa ráðs til þess sem það var fyrir.

Eins og fram kom í fyrra þá fékk AKÍS styrk frá FIA til að ganga frá hönnun á brautum og akstursípróttasvæðum sem er að finna hjá ÁÍH, BA og KK. Vinna er komin af stað, en alls ekki lokið. Búist er við að það muni taka

Þetta ár til að ganga fyllilega frá öllu sem þessu kemur við. Fyrstu teikningar verða sendar inn núna í mars mánuði og tel ég mjög líklegt að við munum fá athugasemdir sem þarf að bregðast við.

Síðustu vikuna í október 2017 kom samþykki fyrir því að frá og með næsta ári verður ein umferð af níu í heimsmeistarakeppninni í eRally haldin hérlendis. Þetta er nákvæmnis- og góðakstur rafmagnsbifreiða, hvorki hraðaksturs, né sparaksturskeppni. Undirbúningur er kominn áleiðis en að mörgu er að hyggja. Bergþór Theodórsson (Bessi) hefur tekið að sér að sjá um skipulagið og kynningu á þessu fyrir hönd AKÍS.

Þessi keppni er ætluð óbreyttum bifreiðum, knúnum rafmagnsvél eingöngu (Volt / Ampera ekki Prius). Vegna þessa hefur FIA átt í samningaviðræðum við bifreiðaframléiðendur um að koma að þessu með því að bjóða uppá "koma og keyra" þjónustu (arrive and drive). Ekki er komin endanleg yfirlýsing enn sem komið er vegna þessa og tel ég það því ólíklegt að samningar hafi tekist.

Þó svo ekki sé hraðanum fyrir að fara í keppnum sem þessum, þá eru keppnir sem þessar afar krefjandi fyrir ökumann og aðstoðarökumann, þannig að æsingurinn er meiri inni í bifreiðinni en utan hennar. ...en hér er barist um sekúndur alveg eins og í hraðagreinum.

Ástæða þess að ég minnst á þetta er sú að hér er kannski komin keppnisgrein sem við getum tekið þátt í. Keppnisgrein sem fer fram á óbreyttum bifreiðum, þannig að einfalt er að útvega slíkar bifreiðar fyrir íslenska keppendur til að taka þátt í heimsmeistaramóti erlendis án þess að leggja út í mikinn kostnað við keppnisbifreið. Við heyrðum af einum keppenda í eRally fyrir tveimur árum sem fór til Kanada að keppa. Hann leigði bifreið hjá bíllaleigu sem vildi svo til að bauð upp á keppnishæfar bifreiðar — og hann skilaði sér í verðlaunasæti.

AKÍS hefur nú í ein tvö ár verið gert að fara gegnum Samgöngustofu með öll málefni hvað varðar laga- og eða reglugerðarbreytingar. Þetta er til samræmis við hlutverk Samgöngustofu, sem er meðal annars að leggja fyrir ráðherra tillögur að breytingum á löggjöf og reglugerðum. Það verður því miður að viðurkenna að þetta er mun þyngra og erfiðara heldur en var þegar við vorum í beinum samskiptum við ráðuneytið. Tölvupóstur er seint svarað, erfitt að fá fund með viðeigandi aðilum og viðhengi sem send eru með tölvupóstum virðast ekki komast til skila í tölvukerfi þeirra. Á meðan núverandi umferðarlög eru í landinu þá geta Samgönguráðherra og Fjármálaráðherra gert breytingar á reglugerðinni sem gera tryggingarmál keppnistækja, skráðra sem óskráðra, sambærileg við það sem gerist erlendis og um leið gefið okkur möguleika á að leita trygginga á stærra tryggingarsvæði en Ísland er. Þá gæti Samgönguráðherra sett aldursmörk í hendur sambandanna með einu pennastriki.

Síðustu vikuna í október 2017 var einnig staðfest að í lok október 2020 verði þriðja ráðstefna FIA Women in Motorsport haldin hérlendis. Á þessa ráðstefnu má búast við hundruðum þátttakenda víðs vegar að úr heiminum. Í framhaldi af þessari ráðstefnu verður síðan haldin FIA North European Zone Regional Sport Conference, sem er eins og nafnið gefur til kynna fyrir þjóðir norður Evrópu. Það er þó þannig að þarna hafa sést aðilar frá Portúgal, Sviss og svo mætti lengi telja. Síðan mun þessari fundarviku ljúka á nefndafundum FIA-NEZ og síðan ársfundar þess.

Mikil vinna er búin að fara í undirbúning þess að fá þetta hingað til lands og hefur AKÍS fengið góðan liðsstyrk þeirra í Meet-in-Reykjavík sem við þökkum fyrir.

Íslenskir þátttakendur voru á námskeiði fyrir stjórnendur rallykeppna og eftirlitsmanna með slíkum keppnum í Dublin. Nú í þessum töluðu orðum eru íslenskir þátttakendur á samsvarandi námskeiði fyrir kappakstur / tímaat í Gautaborg. Þá fóru tveir þátttakendur á dómnefndarnámskeið í febrúar. Við höfum fengið boð um að taka þátt í námskeiðum sem systursamtök okkar á Írlandi, Danmörku og fleiri löndum hald. Mun skoðað hvað hægt er að gera í þeim efnum. Ég vona að þeir sem fari á svona námskeið miðli af lærdómi sínum er heim er komið.

Frá því ég man fyrst hefur verið rætt um möguleika þess að AKÍS geti fengið úthlutað hluta af vegafé sem tilgreint er í fjárlögum. Þetta er til samræmis við þann hluta vegafjár sem Landssamband Hestamanna fær árlega í fjárlögum til viðhalds og nýbygginga reiðvega. Árleg upphæð er milli kr. 50 og 60 milljónir. Við höfum átt fundi með formanni Samgöngunefndar Alþingis og á síðasta ári nefndarmönnum hennar. Það varð því úr að formlegt erindi var sent inn til Fjárlaganefndar Alþingis um úthlutun af vegafé sem yrði gert til samræmis við það samkomulag sem er milli Vegagerðarinnar og LH. Ekki fékkst samþykki fyrir þessari fjárveitingu. Síðastliðið sumar voru tölvupóstsendingar milli okkar og formanns Samgöngunefndar ásamt því að fundur var haldinn með honum. Leist honum vel á þessa hugmynd okkar og í framhaldinu var sent minnisblað á hann. Síðan eru búnar að vera kosningar og nú er tími til að fara í annan rúnt um pólitíkina. Sem betur fer þá hafa ríkisstjórnarflokkarnir ákveðið að taka upp samgönguáætlun að nýju og þar þurfum við að setja kraft í að komast

inn. Séum við á samgönguáætlun - með hestamönnum - þá ætti þetta að ganga. Ég vil í þessu máli hvetja alla sem hér eru inni að ræða við þingmenn og þá sem eru í sveitar- og bæjarstjórnnum að ljá þessu lið.

Á árinu 2017 kom RaceTrue bæklingur FIA, um lyfjamisnotkun í akstursíþróttum, til okkar á íslensku sem við munum dreifa á öllum keppnum á næsta ári. Mikilvægt er að kynna sér þessi mál, því hlutir eins og asmalyf gætu gert það að verkum að viðkomandi mælist með ólöglegt magn af einhverju í blóðsýni. Betra er að hafa vaðið fyrir neðan sig og leita eftir upplýsingum og þá í framhaldinu að fá undanþágu hjá lyfjanefnd ÍSÍ — ef með þarf.

Á síðasta ári gerðist það að WADA (World Anti Doping Agency) tók áfengi út af lista sem ólöglegt efni. Í framhaldinu setti FIA fram reglugerð þar sem áfengismagn í blóði keppenda í akstursíþróttum skal vera núll. Þessi reglugerð er ekki fullbúin ennþá en búist við því að hún verði samþykkt á fundi World Motorsport Council nú um helgina. Þegar hún hefur verið birt þá þarf að þýða hana og staðfæra. Í sambandi við ákvörðun sína um áfengisþröskulana þá mun FIA bjóða samböndum að fá samþykka áfengismæla á góðum kjörum.

Ekki hefur gengið sem skyldi að koma með þá útgáfu af Grand Turismo frá Sony / Polyfony sem FIA hefur verið að aðstoða þá með. Hins vegar þá eru þegar hafnar keppnir í öðrum akstursleikjum og fyrri útgáfum af Grand Turismo og er svo í dag að hægt er að fá keppnisskríteini fyrir brautarakstur á raunverulegum keppnisbílum með því að taka þátt í ákveðnum keppnisröðum fyrir aksturleikjatölvur. Ég vona að við sjáum innan ekki svo langs tíma aksturskeppnir hérlendis í ímyndarheimum, því margir af þeim sem þar keppa færa sig yfir í raunheima og reynslan sýnir að þeir hafa staðið sig betur en menn áttu von á.

Það verður auðvitað að viðurkenna að þær aldurstakmarkanir sem við búum við í akstursíþróttum og að það skuli þurfa reglugerðarbreytingu til að keppa í nýjum greinum ætluðum yngri kynslóðinni takmarkar möguleika okkar á unglingsstarfi.

Síðastliðið vor og sumar var unnin skýrsla um aldurstakmarkanir í akstursíþróttum í nágrannalöndum okkar og hún send til Samgöngustofu. Byggt á henni lögðum við til að reglugerð um akstursíþróttir yrði breytt þannig að AKÍS og MSÍ ákveði þessi aldursmörk, en þau mættu aldrei vera rými en það sem FIA eða FIM leggja til.

Þó svo ég vilji gjarnan breyta reglugerðinni um akstursíþróttir til að gera okkur einfaldara að auka barna og unglingsstarf aðildarfélaganna þá geta 8 ára krakkar byrjað í go-kart. Þeir sem eru 15 ára að aldri eða eldri mega aka óbreyttum fólksbifreiðum með aflvél að slagrymi allt að 1600 rúmsentimetrar, eins og stendur í reglugerðinni. Ekki þarf ökuleyfi, annað en frá foreldrunum. Getum við nýtt okkur þetta? Getum við boðið uppá barna og unglingsstarf í einhverju samræmi við það sem önnur íþróttafélög gera?

Á hverju vori kemur inn um bréfalúguna boð frá íþróttafélagunum í bænum um sumarnámskeið eða önnur námskeið sem fara stundum inni veturinn. Flest þessara íþróttafélaga, ef ekki öll eru með einhvers konar þjónustusamning við viðkomandi bæjarfélag. Flest þau sveitarfélög sem ég þekki til hafa á reiðum höndum upplýsingar um hvaða skilyrði eru fyrir því að þjónustusamningur sé gerður við íþróttafélag. Ég hvet aðildarfélög AKÍS til að kynna sér þessi skilyrði og athuga hvort þau uppfylli skilyrðin og geti hafið barna- og unglingsstarf til samræmis við önnur íþróttafélög í heimahéraði.

Á síðasta ári tókum við þátt í auglýsingaherferð FIA í gegnum FIA Action for Road Safety. Vera má að nokkrir hafi séð auglýsingar á strætóskýlum þar sem merki FÍB og AKÍS var á. Þetta kom í framhaldi af samningi milli JCDecaux og FIA. Sjálfum finnst mér að við eigum að gera meira af því að taka þátt í þessu átaki, en gæta þess um leið að gera það í góðu samstarfi og samvinnu með FÍB.

Þau Guðný Guðmarsdóttir sem kosin var í Women in Motorsport Commission og Jón Bjarni Jónsson sem kosinn var í Drag Racing Commission eru, að því er ég best veit fyrstu Íslendingarnir til að vera kosnir á ársfundi FIA til setu í fastanefndum akstursíþróttahluta FIA. Áður hafa Íslendingar tekið þátt í nefndum skipuðum af fastanefndunum og einnig af forseta FIA. Aðdragandi þess að þessi tvö voru kosin var mislangur - en það var ánægjulegt að svona fór. Ég vil óska þeim báðum innilega til hamingju með kosninguna og ég veit að þau munu gegna þessu að einurð og alúð.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við við hljótum að fara að sjá fleiri rafmagnsbifreiðar í aksturskeppnum á Íslandi. Mér finnst liggja beinast við að það verði spyrnugreinarnar, rally cross eða torfæra sem ríða munu á vaðið. Ég verð að viðurkenna að mér þætti gaman að sjá rafknúð keppnistæki í torfæru eða spyrnu. Er þetta eitthvað sem AKÍS á að skoða með hinum ýmsu keppnisráðum?

AKÍS er ungt samband innan ÍSÍ og því hafa lög þess og reglur verið að mótast. Hér á eftir verða lagðar til nokkrar lagabreytingar sem eru til þess gerðar að skýra lög og hafa þau einnig sem næst því sem gert er. Það má búast við að það taki okkur nokkur ár í viðbót að koma þeim í endanlegra form. Í samráði við laganevnd ÍSÍ er lagt til að skipuð verði almenn dómnefnd sem yrði eftir tilvikum fyrra dómsstig AKÍS. Við það ætti öll lagaóvissa um ferli mála að vera úr sögunni.

Keppnisreglurnar sem hér eru settar fram eru mikið breyttar þar sem mikill hluti af skýrslum og upplýsingakvöðum sem lagðar voru á keppnishaldara eru til í mótakerfi AKÍS. Bent var á þetta misræmi á síðasta formannafundi og vonandi mælist þetta vel fyrir.

Ákveðið hefur verið að AKÍS og MSÍ muni hafa sameiginlega skrifstofu. Um svipað leyti var ÍSÍ að skoða nýtingu þessa húss og hvort eitthvað mætti betur fara í þeim efnum. Þá kom einnig fram að GSÍ hefði falast eftir stærra húsnæði fyrir sína starfsemi, en þeir höfðu þá notað skrifstofu MSÍ um nokkurn tíma. Í framhaldi funda um þessi mál hefur verið ákveðið að AKÍS flytji inni gömlu skrifstofuna sem BÍKR og LÍA voru í fyrst og er núna fundarherbergi GSÍ. Vonast er til að þessir flutningar gerist á næstu vikum.

Ég held að ég láti þessari yfirferð lokið.

6. Endurskoðaðir reikningar AKÍS lagðir fram og kynntir

Jón Bjarni Jónsson gjaldkeri kynnti reikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2017.

7. Álit kjörbréfanefndar

Guðbergur Reynisson talaði fyrir kjörbréfanefnd og staðfesti að 21 atkvæði voru gild á þinginu. Sjá Viðauka 2 fyrir nánari upplýsingar um kjörbréf.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Guðbergur Reynisson sagði að ekki kæmi nægilega mikil vinna fyrir keppnisráð og aðildarfélög frá framkvæmdastjóra AKÍS og vildi að aðildarfélög AKÍS / keppnisráð gætu leitað meiri hjálpar. Formaður svaraði að kæmu beiðnir um slíkt frá keppnisráðum eða aðildarfélögum þá yrði það skoðað og reynt að aðstoða eftir mætti.

Guðbjörn Grímsson spurði hver áhætta AKÍS væri af því að halda eina umferð í meistaramóti FIA í eRally á þessu ári. Formaður svaraði að áhætta AKÍS væri engin, því þó svo að stjórn AKÍS hefði verið sammála því að fara í vegferð þessa, þá væri hann ábyrgur fyrir verkefninu gagnvart FIA. Hérlandis hefur ekki verið ráðist í fjárhagsskuldbindingar vegna þessa verkefnis. Í gangi er vinnuhópur skipaður af stjórn AKÍS samanber skýrslu formanns.

Einar Gunnlaugsson telur almennt að AKÍS þurfi að horfa minna til alþjóðastarfsins og einbeita sér meira að því sem gera þarf hér á landi. Hlusta þurfi betur eftir vilja félaganna.

Ingólfur Arnarson og Ingimundur Helgason lýstu báðir ánægju með störf AKÍS og það setji félögunum ákveðinn ramma sem er af hinu góða.

9. Samþykkt reikninga

Reikningar AKÍS samþykktir samhljóða.

10. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

Jón Bjarni Jónsson fór yfir fjárhagsáætlun Akstursíþróttasambands Íslands fyrir árið 2018. Þar er meðal annars lagt til að 1.000.000 verði varið í styrki til aðildarfélaga AKÍS. Þá kynnti hann og tillögu að reglum um úthlutun styrkja, sem teknar verða fyrir á næsta stjórnarfundi.

11. Lagabreytingatillögur

Tryggvi M Þórðarson kynnti lagabreytingartillögur sem komu frá stjórn AKÍS. Einar Gunnlaugsson kynnti lagabreytingartillögu sem stjórn BA lagði til á 11. grein laga.

12. Keppnisreglur AKÍS

Tryggvi M Þórðarson kynnti tillögur um breytingar á keppnisreglum AKÍS fyrir árið 2018. AKÍS mun óska eftir umsögn aðildarfélaganna um breytingar áður en nýjar keppnisreglur verða samþykktar af stjórn og gefnar út í framhaldinu.

13. Reglugerð um dómnefndir AKÍS

Tryggvi M Þórðarson sagði frá að skoða þyrfti hvernig FIA og ÍSí líta á uppbyggingu dómsstiga í akstursíþróttum. Stjórn AKÍS og laganefnd ÍSí eru að vinna sameiginlega að farsælli lausn á þessu, þannig að kröfur beggja aðila séu uppfylltar.

14. Innsend mál

Erindi frá Akstursíþróttafélagi Suðurnesja (AÍFS) sem formaður svaraði:

1. *Innifaldar slysatryggingar í keppnisskírteini*
Svar: Rifjað var upp að samkvæmt ákvörðun formannafundar í nóvember 2017, verða grunn slysatryggingar fyrir keppendur ekki keyptar á þessu ári og því ekki innheimtar með keppnisgjöldum.
2. *Félagar í AIFS vilja vita hver staðan er á Rallývega umræðum við Ríkið. Hefur okkur orðið eitthvað ágengt?*
Svar: Sagt frá stöðu á umræðum við ríkið um rallývegi. AKÍS hefur haldið málinu á lofti þrátt fyrir tíð ráðherraskipti og erfið samskipti við samgöngustofu. Formaður hvatti fundarmenn til að hamra á þessu mikilvæga máli við hvert tækifæri sem gefst til samræðna við stjórnarmálamenn. Þetta ætti jafnt við um stjórnarmálamenn í landspólitíkinni og sveitarstjórnnum.
3. *Keppendur AIFS spyrja hvort hægt sé að breyta formi keppnisskírteina AKÍS aftur og hægt sé að kaupa ársskírteini á X upphæð sem myndi gilda fyrir allt árið, og jafnvel að skipti engu í hvaða Akstursíþróttagrein.*
Svar: Form keppnisskírteina AKÍS hefur oft verið rætt, en nú er innheimt 1000 krónur fyrir hverja keppni sem hluti af mótakerfi AKÍS. Hægt er að kaupa alþjóðlegt keppnisskírteini á 30.000 sem gildir fyrir allt árið. Ekki hafi verið gerð úttekt á því hvort hægt væri að bjóða uppá ársskírteini og þá hvað slíkt myndi kosta. Yrði af því þyrfti að aðlaga mótakerfi AKÍS að því.

15. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál

Tillögur stjórnar AKÍS um lagabreytingar samþykktar fyrir utan breytingu sem lögð hafði verið til á sjöundu grein. Tillaga stjórnar BA um breytingu á 11. grein (sem nú er 12. grein) felld. Ný lög samþykkt með áorðnum breytingum.

16. Kosningar

16.1 Formaður

Aðeins hafði borist framboð frá Tryggva M. Þórðarsyni til formanns þannig að hann var sjálfkjörinn og var það staðfest með lófataki.

16.2 Kosning þriggja stjórnarmanna til tveggja ára

Sjálfkjörin til næstu tveggja ára voru þau Jón Bjarni Jónsson, Sigurður Gunnar Sigurðsson og Stefán Örn Steinþórsson, en aðeins hafði borist framboð frá þeim áður en framboðsfrestur rann út.

16.3 Kosning þriggja manna í varastjórn

Til setu í varastjórn höfðu Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Baldvin Hansson og Garðar Gunnarsson tilkynnt framboð sitt til setu í varastjórn fyrir ársþing. Á ársþingi buðu auk þess Arnar Már Pálmarsson, Einar Gunnlaugsson og Árni Gunnlaugsson sig fram.

Þar sem aðeins eru þrír í varastjórn þurfti að kjósa og fór svo að Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir og Arnar Már Pálmarsson voru efst og jöfn og fengu bæði 12 atkvæði og töldust því réttkjörin.

Einar og Garðar voru jafnir í þriðja sæti með 11 atkvæði og þurfti að kjósa aftur milli þeirra. Garðar Gunnarsson fékk 11 atkvæði og telst því réttkjörinn.

16.4 Kosning skoðunarmanna reikninga sambandsins

Ingimundur Helgason og Jón Gestur Viggósson voru kjörnir skoðunarmenn með lófataki.

17. Þingslit

Tryggvi M. Þórðarson þakkaði það traust sem honum er sýnt og hlakkar til að taka þátt í góðu samstarfi um framtíðaruppbyggingu öflugra akstursíþróttá á Íslandi og óskaði fundargestum góðrar heimferðar og heimkomu.

Þingi slitið um kl. 16:10.

Þinggerð ritaði Þrándur Arnþórsson.

Viðauki 1 Kjörbréf

Skipting fulltrúa og mæting var sem hér segir:

	Fulltrúar	Mættir	Skírteini
AÍH	4	2	172
BA	3	3	85
KK	4	4	148
TKS	3	3	73
AÍFS	4	4	125
BÍKR	3	1	60
Start	1	1	14
BS	1	1	15
Hekla	1	1	15
Stimpill	1	1	6
	25	21	713

Viðauki 2 Mæting

Nafn	Félag	
Árni Gunnlaugsson	AÍFS	(Kjörbréf frá AÍFS)
Garðar Gunnarsson	AÍFS	(Kjörbréf frá AÍFS)
Guðbergur Reynisson	AÍFS	(Kjörbréf frá AÍFS)
Magnús Ragnarsson	AÍFS	(Kjörbréf frá AÍFS)
Arnar Már Pálmarsson	AÍH	(Kjörbréf frá AÍH)
Sigurður Gunnar Sigurðsson	AÍH og í stjórn AKÍS	(Kjörbréf frá AÍH)
Kári Rafn Þorbergsson	AÍNH	(Kjörbréf frá AÍNH)
Einar Gunnlaugsson	BA og í stjórn AKÍS	
Hrefna Björnsdóttir	BA	(Kjörbréf frá Start)
Ólafur F Jóhannesson	BA	(Kjörbréf frá BA)
Sverrir Már Sverrisson	BA	(Kjörbréf frá BA)
Þórður G Ingvason	BS	(Kjörbréf frá BS)
Torfi Arnarson	BÍKR og í stjórn AKÍS	
Þórarinn K Þórsson	BÍKR	(Kjörbréf frá BÍKR)
Sigurður Haukur Einarsson	FBSH	
Ingimundur Helgason	KK	(Kjörbréf frá KK)
Ingólfur Arnarson	KK	(Kjörbréf frá KK)
Jón Bjarni Jónsson	KK og í stjórn AKÍS	(Kjörbréf frá KK)
Sigurjón Andersen	KK	(Kjörbréf frá KK)
Atli Jamil	TKS	(Kjörbréf frá TKS)
Gísli Björn Rúnarsson	TKS	(Kjörbréf frá TKS)
Elva Stefánsdóttir	TKS	(Kjörbréf frá TKS)
Guðbjörn Grímsson	TKS	(Kjörbréf frá BA)
Helga Katrín Stefánsdóttir	TKS og í stjórn AKÍS	(Kjörbréf frá TKS)
Ragnar Róbertsson	Stimpill og í stjórn AKÍS	(Kjörbréf frá Stimpli)
Hafsteinn Pálsson	ÍSÍ	
Tryggvi M Þórðarson	Í stjórn AKÍS	
Þrándur Arnþórsson	framkvæmdastjóri AKÍS	

Viðauki 3 Ársreikningur AKÍS

Rekstrarreikningur 31.12.2017

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Keppnisgjöld.....	1	9.265.500 kr.	1.255.046 kr.
- þ.a. hluti keppnishaldara.....		(7.374.000 kr.)	(0 kr.)
Umsagnargjöld.....		700.000 kr.	700.000 kr.
Öryggisbúnaður.....		52.000 kr.	(0 kr.)
Erlendir styrkir.....		(0 kr.)	3.503.250 kr.
Lottótekjur.....		3.432.954 kr.	3.379.347 kr.
Útbreiðslustyrkur.....		2.257.149 kr.	2.227.300 kr.
Ríkisstyrkur.....		2.800.000 kr.	2.600.000 kr.
Samtals tekjur		11.133.603 kr.	13.664.943 kr.
Launakostnaður.....		4.464.000 kr.	4.464.000 kr.
Námskeið og námskeiðsstyrkir.....	2	166.300 kr.	0 kr.
Aðkeypt þjónusta.....	3	651.456 kr.	1.092.936 kr.
Kostnaður vegna brautarverkefnis FIA.....	4	1.811.644 kr.	0 kr.
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....		134.707 kr.	207.809 kr.
Húsaleiga.....		275.520 kr.	239.484 kr.
Ferðakostnaður innanlands.....		613.401 kr.	248.861 kr.
Ferðakostnaður erlendis.....		521.176 kr.	1.515.034 kr.
Pappír og prentun.....		141.396 kr.	81.817 kr.
Verðlaunagripir.....		127.600 kr.	103.210 kr.
Póstsendingar og sími.....		40.299 kr.	23.870 kr.
Fundir.....		374.390 kr.	359.383 kr.
Banka- og kortabóknanir.....		148.313 kr.	629 kr.
Gjöld til FIA.....		590.708 kr.	670.008 kr.
Kostnaður NEZ.....		125.770 kr.	141.820 kr.
Iðgjöld keppendatrygginga.....	5	847.726 kr.	0 kr.
Annar rekstrarkostnaður.....		149.446 kr.	0 kr.
Afskriftir fastafjármuna.....		0 kr.	250.000 kr.
Samtals gjöld		11.183.852 kr.	9.398.861 kr.
Rekstrarhagnaður		(50.249 kr.)	4.266.082 kr.
Vaxtatekjur.....		14.699 kr.	25.037 kr.
Niðurfelldar kröfur.....		(0 kr.)	(262.611 kr.)
Hagnaður ársins		(35.550 kr.)	4.028.508 kr.

- Keppnisgjöld** - AKÍS innheimtir keppnisgjöld með mótakerfi og endurgreiðir keppnishöldurum þeirra hlut.
- Námskeið og námskeiðsstyrkir**
 Ferðastyrkur vegna öryggisnámskeiðs í rally - 90.000
 Námskeiðsgjöld vegna öryggisnámskeiðs í rally - 62.944
 Önnur námskeið - 13.300
- Aðkeypt þjónusta**
 Mótakerfi - 537.500
 Tryggingaráðgjöf - 113.956
- Kostnaður vegna brautarverkefnis FIA**
 Brautarteikningar - 1.500.000
 Hnitasett smákort - 298.050
 Útrentun - 13.594
- Iðgjöld keppendatrygginga** - Slysa- og dánartrygging keppenda var keypt af danska tryggingarfélaginu Contea, en ákveðið var á formannafundi að hætta með þá tryggingu.

Efnahagsreikningur

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Aðrar óefnislegar eignir.....		0 kr.	0 kr.
		<u>0 kr.</u>	<u>0 kr.</u>
Eignarhlutar í öðrum félögum			
Eignarhlutar í öðrum félögum.....		0 kr.	0 kr.
		<u>0 kr.</u>	<u>0 kr.</u>
Veltufjármunir			
ÍSí staða.....		2.020.695 kr.	1.745.841 kr.
FIA verkefni.....		1.700.239 kr.	3.503.250 kr.
Viðskiptakröfur.....		0 kr.	154.007 kr.
Handbært fé.....		4.797.342 kr.	2.656.728 kr.
Samtals eignir		<u><u>8.518.276 kr.</u></u>	<u><u>8.059.826 kr.</u></u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs.....		7.687.826 kr.	3.659.318 kr.
Hagnaður ársins.....		(35.550 kr.)	4.028.508 kr.
Eigið fé samtals		<u><u>7.652.276 kr.</u></u>	<u><u>7.687.826 kr.</u></u>
Skuldbindingar			
Skuldbindingar samtals		<u><u>(0 kr.)</u></u>	<u><u>(0 kr.)</u></u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir.....		372.000 kr.	372.000 kr.
Skuld við aðildarfélög.....	6	494.000 kr.	(0 kr.)
Samtals skammtímaskuldir		<u><u>866.000 kr.</u></u>	<u><u>372.000 kr.</u></u>
Samtals skuldir og eigið fé		<u><u>8.518.276 kr.</u></u>	<u><u>8.059.826 kr.</u></u>

6. Skuld við aðildarfélög - Keppnisgjöld til BÍKR sem voru ekki greidd fyrr en á árinu 2018 en tilheyrðu 2017.



Akstursíþróttasamband Íslands

Rekstrar- og efnahagsreikningur - 2017

Áritun skoðunarmanns

Rekstrar- og efnahagsreikning þennan fyrir Akstursíþróttasamband Íslands hefur undirritaður yfirfarið og skoðað samkvæmt fyrirliggjandi bókhaldsgögnum.

Reikningana tel ég gefa glögga og rétta mynd af rekstri og efnahag félagsins fyrir rekstarárið 2017.

Reykjavík 9. mars 2018.

Ingimundur Helgason